

*Félags – og skólaþjónusta*  
**RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvalsvellir

---

**FUNDARGERÐ**

41. fundur stjórnar *Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu* haldinn þriðjudaginn 22.10.2019, klukkan 13.00 í Fundarsalnum Heklu á skrifstofu félagsþjónustunnar að Suðurlandsvegi 1-3, 850 Helli.

Mættir: Lilja Einarsdóttir (formaður), Brynja J. Jónasdóttir (varaformaður), Þorbjörg Gísladóttir, Haraldur Eiríksson, Þorsteinn M. Kristinsson (ritar fundargerð), Þórunn Jóna Hauksdóttir (forstöðumaður skólaþjónustu) og Helga Lind Pálsdóttir (félagsmálastjóri).

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

**Dagskrá:**

**1. Starfsmannamál skólaþjónustudeildar.**

Þórunn Jóna Hauksdóttir, nýr forstöðumaður skólaþjónustu, sérstaklega boðin velkomin.

Þórunn Jóna fór yfir helstu áherslur í starfinu. Enn hefur ekki tekist að ráða kennsluráðgjafa og sálfræðing við skólaþjónustuna. Vinnunni er sinnt í verktöku meðan ekki tekst að ráða í stöðurnar.

**2. Tvöföld skólavist barns í leik- eða grunnskóla. Leiðbeinandi álit Sambands íslenskra sveitarfélaga lagt fram.**

Þórunn Jóna kynnir erindið. Stjórnin leggur til að sveitarfélögin á skólaþjónustusvæðinu sammælist um afgreiðslu erinda um tvöfalda skólavist barns í leik- og grunnskóla. Þórunni Jónu falið að setja sig í samband sveitarstjóra sveitarfélaganna.

**3. Milliuppgjör félags- og skólaþjónustunnar fyrir janúar – ágúst 2019.**

Guðmundur Pétur Guðgeirsson, frá KPMG, mætir á fundinn.

Guðmundur Pétur fór yfir árshlutayfirlit, ásamt forstöðumönnum. Allar deildir eru innan fjárhagsáætlunar fyrstu átta mánuði ársins.

**4. Tillaga félagsmálastjóra um regluverk vegna dagforeldra á þjónustusvæði félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.**

Stjórn fagnar drögum að reglum um samræmt fyrirkomulag vegna dagforeldra á félagsþjónustusvæðinu. Stjórnin leggur til að sveitarstjórnir taki tillöguna til afgreiðslu

og samþykkir fyrir sitt leyti að starfsmaður félagsþjónustunnar sinni hlutverki daggæslufulltrúa. Félagsmálastjóra falið að senda erindið til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

**5. Fyrirspurn til Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps um aðild að fjárhagsáætlun vegna heimaþjónustu fyrir árið 2020.**

Tilraunaverkefni, með sambærilegt fyrirkomulag, hefur verið í gangi í Rangárvallasýslu síðastliðin tvö ár. Árangurinn hefur verið jákvæður og framar vonum. Stjórn félags- og skólaþjónustu hvetur sveitarstjórnir Mýrdals- og Skaftárhrepps að taka vel í fyrirspurnina, enda liður í samhæfðri þjónustu á félagsþjónustusvæðinu. Félagsmálastjóra falið að fylgja málinu eftir við sveitarstjórnir.

**6. Starfsmannamál félagsþjónustunnar.**

Helga Lind, félagsmálastjóri, hefur óskað eftir árs leyfi frá störfum. Stjórn samþykkir ársleyfið og felur formanni úrlausn starfsmannamála félagsþjónustunnar í tímabundnu leyfi félagsmálastjóra.

**7. Önnur mál.**

Ráðningarsamningur við Þórunni Jónu Hauksdóttur er formlega samþykktur af stjórn.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:38.**

Lilja Finarsdóttir  
Haraldur  
Þrygja Jónasdóttir  
~~Helga Lind~~  
Minný Áskla